

## UMHIRÐA OG VIÐHALD Quartz steina

Quartz borðplötur eru hágæða lokað efni sem hefur hátt hita, rispu og bletta þol. Quartz yfirborð krefst lágmarks viðhalds og umhirðu til að halda fegurð sinni og gæðum um ókomin ár.

*Rétt umgengni er góð umgengni*

- Notað væg alhliða hreinsiefni eða til þess gerð hreinsiefni fyrir Quartz
- Notað Pottaleppa fyrir potta og pönnur. Framleiðendur gefa hitaþol allt að 150 gráður Celsíus
- Notið skurðbretti. Quartz er með hátt rispuþol enn til að hámarka endingu að þá er best að skera ekki beint á plötu
- Varist öll ætandi efni. Ekki nota flúorsýru, málningarþynnir né klór

## Varist Sterk efni

Quartz yfirborð getur skemmst varanlega vegna langvarandi áhrifa af sterkum leysiefnum. Ekki er mælt með að nota flúorsýru, málningarþynnir eða nein efni sem innihalda Tríkóróetan eða metýlenklóríð.

Til eru sérstök hreinsi efni fyrir Quartz ef þörf er á sterkari efnum enn alhliða hreinsiefni ráða við.

## Regluleg Þrif og hreinsiefni

Hreinsaðu svæði reglulega með alhliða hreinsiefnum eða mildri sápu og volgu vatni. Best er að hreinsa yfirborð daglega til að forðast uppbyggingu á óhreinindum og mögulegri litun á yfirborði.

Ef sterk litarefni eða önnur sterk efni fara á yfirborð ber að hreinsa það af strax.

## Hóflegur Hiti

Quartz yfirborð er hannað og framleitt til að þola hóflegann hita. Eins og öll samsett efni getur Quartz yfirborð skemmst af of háum hita til lengri tíma. Til að koma í veg fyrir aflitun eða aðrar skemmdir sökum hita skal nota pottalepp þegar settir eru heitir hlutir á yfirborðið. Forðist langvarandi snertingu á mjög heitum hlutum.

## Varist Rispu og högg

Quartz yfirborð er með hátt rispuþol. Samt sem áður til að yfirborð haldist í góðu ásigkomulagi í mörg ár ber að nota skurðborð og skera ekki beint á yfirborði.

Quartz yfirborð þolir mikið álag. Varist þó að það komi ekki mikið álag né högg á veikbyggðari svæði eins og td brúnir, samskeyti og endabrunir.